

Fágæt áróðursspjöld í Kópavogssafninu

– eftir helsta fjandmann Gerlachs ræðismanns á Íslandi

Á Kópavogsvöku, sem lýkur á morgun, 11. maí, hafa hangið uppi fágæt vegg- eða áróðursspjöld eftir Wilhelm E. Beckmann. Veggspjöld þessi eru úr svonefndu Ólafssafni, sem varðveitt er í Bókasafni Kópavogs. Í Ólafssafni kennir margra grasa og það sem sýnt er úr því safni á yfirstandandi Kópavogsvöku er aðeins sýnishorn af því sem safnið geymir. Veggspjöldin eftir Beckmann voru hengd upp á vö-kunni í því skyni að gefa gestum bókasafnsins tækifæri á að kynna-ast tíðaranda þeirra daga þegar spjöldin voru gerð. En reyndar vissu þeir sem fyrir sýningunni standa ekkert um höfund þeirra, W.E. Beckmann.

Wilhelm E. Beckmann var þýskur sósíaldemókrati sem flúði ofsóknir Hitlers, fór fyrst til Danmerkur, þar sem hann nam um skeið við Listaakademíuna, en kom svo til Íslands árið 1935. Hér starf-aði hann við ýmislegt, m.a. myndskurð hjá Ríkharði Jónssyni. Og svo fór að Beckmann flentist hér, giftist íslensku konu og á hér niðja. Wilhelm Beckmann lést árið 1965 – þann 11.maí.

Eftir Beckmann liggja ýmis verk, svo sem altaristöflur, skírnarfontar og ljósatöflur í kirkjum – myndir og veggspjöld. Veggspjöldin sem sýnd eru í Bókasafni Kópavogs eru gerð í þeim stíl sem mótaðist í Ev-



Wilhelm E. Beckmann.

rópu um kreppu – og gaman að bera þau saman við önnur pólitísk veggspjöld sem í bókasafninu hanga. Þar er mikill munur á hand-þragði.

Flóttinn undan Hitler

Herbert Guðmundsson blaða- maður ritaði minningargrein um Wilhelm Beckmann í Vísi. Þar segir m.a.: „1934 var Wilhelm orðinn 25 ára gamall og stóð þá þegar nærri prófessorsstöðu í listgreinum sínum. En jafnframt störfum á

þessu sviði var hann ásamt föður sínum og bróður virkur þátttak- andi í flokki þýskra jafnaðar- manna. Stjórnmalaskoðun hans varð honum því, eins og fleirum, skyndilega fjötur um fót þegar Hitlerstímabilið í sögu Þýskalands rann upp. Faðir hans og bróðir voru fangelsaðir en hann flúði til Danmerkur. Þar með var endir bundinn á frama listamannsins Wilhelms Beckmann í heimalandi hans.

Í Danmörku fékk Wilhelm dval- arleyfi í eitt ár og notaði þann tíma til þess að nema í konunglega Kunstakademíuna. En að því loknu varð hann að leita nýrra úrræða. Það atvikaðist svo þannig að hann leitaði til íslenska sendiráðsins í Kaupmannahöfn og fékk þar leyfi til þess að fara til Íslands.

Í maí 1935 kom Wilhelm Beck- mann til Reykjavíkur óviss um hvað biði hans hér. Hann leitaði til skrifstofu Alþýðuflokksins, þar sem Stefán Jóhann Stefánsson tók á móti honum. Greiddi Stefán Jó- hann fyrir honum, svo að Wilhelm gat komið undir sig fótunum hér...“

Viðureign við Gerlach

Í nýútkominni bók Þórs White- head, „Stríð fyrir ströndu“, kemur Beckmann nokkuð við sögu. Þar segir m.a. (bls. 66-67): „...Að minnsta kosti tveir útlagar létu þó

ekki deigan síga í stjórnmálum og báðir áttu eftir að gera Werner Gerlach (þýska ræðismanninum hér, innsk. blm.) gramt í geði. Þetta voru Wilhelm Beckmann og Paul Kunder, jafnaðarmenn frá Hamborg, hinu gamla vígi þýska Sósíaldemókrataflokksins.

Beckmann er sagður hafa verið í forystu ungra jafnaðarmanna, áður en hann flýði heimaborg sína. Hann var mikilvirkur tréskurðarmaður og starfaði við list sína, m.a. hjá Rikharði Jónssyni myndhöggvara. Allmisjafnt orð fór af Beckmann, enda gerðist hann mjög drykkfelldur með árunum. Kunningjar hans lýsa honum þó sem „besta manni og harðvítugum andstæðingi nasista“. Hann átti harma að hefna því að sagt er að þýskir nasistar hafi fangelsað föður hans um sama leyti og hann flýði land með þrælubúðavist yfir höfði sér...“

Síðan endursegir Þór Whitehead efni bréfs, sem Gerlach ræðismaður sendi yfirmanni sínum, Himmler, en milli Gerlachs og Himmlers var gott samband. Gerlach hafði m.a. séð til þess að verðandi lögreglustjóri í Reykjavík, Agnar Kofod-Hansen, fékk áheyrn hjá Himmler, var reyndar tekið við honum sem einkagesti hjá Himmler sumarið 1939.

„Njósnavi Breta“

Á bls. 289 segir Þór Whitehead: „Þegar Gerlach hafði lýst fyrir Himmler samstilltu starfi fjölskyldu sinnar í þjónustu flokks og ríkis, kvartaði hann undan „hatrí“, sem útlagi einn hefði lagt á þau. Maður þessi, sem væri „kommúnisti“ og „njósnavi Breta“, hefði spíllt nokkuð fyrir starfi þeirra.

Ræðismaðurinn kvaðst hafa óskað þess fyrir löngu að útlaginn yrði sviptur ríkisborgararétti, en því miður hefði það engan árangur borið í Berlín. Hér hlýtur Gerlach að hafa verið að bera sig upp undan Beckmann, þótt hann væri raunar róttækur jafnaðarmaður frekar en kommúnisti...Himmler dauðfeyrðist ekki við kærumálum Gerlachs. Hann bað ræðismanninn að nafngreina snarlega útlagann og kommúnistann, sem svipta ætti ríkisborgararétti...“

En Beckmann gerðist Íslendingur. Hann kvæntist Valdísi Einarsdóttur frá Syðri-Knarrartungu í Breiðuvík á Snæfellsnesi 1940. Þau eignuðust tvö börn, Hrefnu og Einar. Og nú geta menn litið eitthvað af handaverkum hans í Bókasafni Kópavogs. Veggspjaldasýningin mun standa næstu viku.

-GG



Veggspjöld fyrir Alþýðuflokkinn eftir Wilhelm Beckmann – ekki vitað hvaða ár þau voru gerð.